



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDNO 9080031	Ábm.	KS
B lyk.	2.2-1	Aðrir	HöBn
Mótt.	23.02.2011	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 21. febrúar 2011

1006002SA
Málalýkill: 220

Efni: Drög að orkustefnu - umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Iðnaðarráðuneytið hefur kynnt drög til umsagnar dags. 12. janúar 2011, um orkustefnu fyrir Ísland. Með bréfi þessu lætur sambandið í té umsögn sína, en jafnframt er vísað til umsagnar sem látin var í té á fyrra stigi vinnunnar, með bréfi dags. 28. júní 2010. Tekið er fram að stjórn sambandsins hefur ekki fjallað um nýju drögin.

Almennt um nýju drögin

Í fyrri umsögn voru ekki gerðar athugasemdir við meginmarkmið orkustefnunnar eins og þeim var lýst í frumdrögum dags. 25. maí 2010. Ástæða er hins vegar til þess að nefna það hér að tvær breytingar sem orðið hafa á framsetningu meginmarkmiða eru til bóta að álit sambandsins. Þannig er eðlilegt að orkuþörf almenns atvinnulífs sé tiltekin, til jafns við orkuþörf almennings, í fyrsta meginmarkmiðinu. Þá er ekki síður mikilvæg breyting að meginmarkmið um hnattræna ábyrgð á gróðurhúsalofttegundum hefur verið umorðað og er ekki lengur minnst á skuldbindingar skv. samningum Sameinuðu þjóðanna, sbr. hér á eftir.

Almannaþjónustuhlutverk veitufyrirtækja er einn af hornsteinum orkustefnunnar. Sambandið benti sérstaklega á það í fyrri umsögn að stöðugleiki yrði að ríkja í lagaumhverfi veitna til þess að hægt sé að gera áætlanir um uppbyggingu til langs tíma. Orkustefnan þarf að skapa þennan stöðuleika og því má staldra við þá ráðagerð að orkustefnan verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti (sbr. kafla 1.4). Ástæða kann að vera til þess að íhuga að greina á milli meiriháttar endurskoðunar og aðlögunar á þeim leiðum sem skilgreindar hafa verið að ólíkum markmiðum.

Í lið 1.3 er vikið að tengingu við aðra stefnumótun stjórnvalda og er 20/20 sóknaráætlunin sérstaklega nefnd til sögunnar. Sambandið hefur lýst stuðningi við aðferðafræði sóknaráætlunarinnar og bent á að í henni felist afgerandi tækfæri fyrir sveitarfélög. Raunar megi ætla að áætlunin feli í sér eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í byggðamálum á Íslandi í áratugi.

Það er rökrétt og eðlilegt að samhliða sé vísað til landsskipulagsstefnu, sbr. einnig 3. tölul. kafla 1.5, en á hinn bóginn verður að telja að tilvísun til byggðastefnu í sama tölulið kunni að vera ofaukið. Í því sambandi er bent á að 20/20 verkefnið gengur út frá því að heildstæð fjárfestingaráætlun verði unnin til langs tíma og sóknaráætlanir gerðar fyrir landshluta. Má ljóst vera að þessar áætlanir munu að verulegu leyti taka yfir það hlutverk sem viðtekið hefur verið að byggðaáætlun gegni.



Gagnsæi og jafnræði

Í fyrsta lið kafla 1.5 er vikið að því að „grundvallaratriði“ þurfi útfærslu við í löggjöf. Hvað hér er um að ræða er ekki nefnt sérstaklega en sjá má af samhengi við aðra umfjöllun að hér er stýrihópurinn einkum að vísa til reglna sem gilda eigi um það, þegar ríkið býður fyrirtækjum tímabundinn afnotarétt af tilteknum auðlindakosti. Er þá grundvallaratriði að það sé gert með gagnsæjum hætti og með jafnræðissjónarmið að leiðarljósi.

Að áliti sambandsins er það ekki síður grundvallaratriði að stuðla að jafnræði í þágu notenda og að lagaramminn verði ekki skjól fyrir mismunun sem í flestum tilvikum getur einungis leitt til þess að almannaþjónusta verði dýrari.

Að þessu leyti tekur sambandið undir athugasemdir sem Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS) hefur komið á framfæri. Er í fyllsta máta eðlilegt að það sé meðal meginmarkmiða heildstæðrar orkustefnu fyrir landið, að húshitunarkostnaður lækki á þeim svæðum þar sem hann er hæstur og þannig stuðlað að jöfnu aðgengi allra landsmanna að orku á sambærilegum kjörum.

Þá er jafnræði í afhendingaröryggi raforku til almennings (sbr. kafla 5.4) ekki síður grundvallaratriði en það hvort orkufyrirtæki sitji við sama borð í tilteknum málum.

Hnatræn ábyrgð á gróðurhúsalofttegundum og almannaþjónarmið

Eins og áður er vikið að hafa meginmarkmið orkustefnunnar verið umorðuð að þessu leyti og er það vel enda ætti stefna, sem byggir á landslögum ekki að þurfa að nefna sérstaklega til sögunnar alþjóðlega sáttmála.

Ljóst er hins vegar að slíkir samningar munu hafa veruleg áhrif á á íslenskan landsrétt. Má sem dæmi nefna Árósasamninginn sem vikið er að í kafla 4.1.2, en umhverfisráðherra hefur boðað að sá samningur verði innleiddur í íslenska löggjöf.

Af hálfu sambandsins er tekið undir mikilvægi þessara alþjóðlegu skuldbindinga um opna upplýsingagjöf og aðhald almennings með víðtækum upplýsingarétti. Rétt er hins að benda á að sama gildir um þau almannaðjónustusjónarmið sem opinber veitufyrirtæki starfa eftir. Verður að telja eðlilegt að vikið sé að þessum sjónarmiðum jafnframt í kafla 4.1.2.

Ákvarðanir um landnotkun

Kafla 6.1 fjallar um verndargildi náttúru og er í honum vikið að mikilvægi þess að ákvarðanir um landnotkun byggja á hagrænu og samfélagslegu mati á slíkum valkostum til lengri og skemmri tíma. Tekið er undir þessa áherslu enda er hún í fullu samræmi við það ferli sem sveitarfélög fylgja þegar þau beita skipulagsvaldi sínu. Hins vegar virðist sú ályktun nokkuð hæpin að á sumum svæðum geta hagsmunir ferðaþjónustu og orkunýtingar farið saman en slík samnýting sé „óhugsandi“ á öðrum, eins og fram kemur í niðurlagi kafla 6.1. Betra er að leggja út af því að innbyrðis vægi nýtingarsjónarmiða sé mismunandi eftir aðstæðum.

Á það skal einnig bent að flókið kann að reynast að samræma megindrætti orkustefnunnar skv. fyrirbyggjandi drögum við ýmsar áformaðar



lagabreytingar. Nefna má sem dæmi frumvarpsdrög sem nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga hefur kynnt þar sem m.a. er mælt fyrir um það að fossar og nánasta umhverfi þeirra ásamt náttúrulegu rennsli njóti sérstakrar verndar lögum samkvæmt. Hætt er við að stefnumið um skilvirkni í undirbúningsferli virkjanaframkvæmda og áherslu á fjölbreytni verði innantóm ef þröskuldar gagnvart nýjum orkuöflunarkostum eru jafnt og þétt hækkaðir. Þetta á sérstaklega við ef alvara býr að baki því að laga- og reglugerðarumhverfi sé hvetjandi til uppbyggingar dreifðra smávirkjana og annarra fjölbreyttra orkugjafa, sbr. kafla 5.7 í fyrirbyggjandi drögum. Af hálfu sambandsins er tekið undir góðar ábendingar stjórnar SSKS í umsögn samtakanna um orkustefnu þar sem sjónarhornið í orkustefnunni er talið of þröngt hvað þetta varðar.

Aukin áhersla á almenningssamgöngur

Rétt er að benda á að nýir undirkaflar stefnunnar (6.2 og áfram) bera glögglega með sér að tekið hafi verið fullt mið af verndunarsjónarmiðum í þeirri vinnu sem fram fór eftir að umsagna var aflað fyrra sinni. Mun minna fer fyrir því að öðrum sjónarmiðum hafi verið ljáð sama vægi. Af þeim sökum skortir nokkuð á að eðlilegt jafnvægi ríki í efnistöku.

Sambandið áréttar hér 5. liðinn í fyrri umsögn sinni, þar sem rætt er um aukna áherslu á almenningssamgöngur. Óviðunandi er að heildstæð orkustefna fyrir landið nefni nánast í sviphendingu, og án útfærslu, að huga þurfi að ramma almenningssamgangna. Í því nýja umhverfi opinberrar stefnumótunar sem 20/20 verkefnið er til marks um, getur „eyða“ í áætlun leitt til þess að þjóðhagslega mikilvægir þættir fái ekki þá athygli sem þeim ber. Er því farið fram á að tekinn verði upp sérstakur undirkafla í 6. kafla stefnunnar, þar sem farið verði í gegnum markmið og leiðir í almenningssamgöngum, einkum með tilliti til skattlagningar. Í því sambandi skal bent á skýrslu tekjustofnanefndar frá október 2010, þar sem tillaga er gerð (merkt 6.2.2) um að ríki og sveitarfélög semji um hlutdeild sveitarfélaga í kolefnisgjaldi og hvernig útfæra beri framkvæmdina með hliðsjón af vistvænum almenningssamgöngum. Jafnframt hefur mikil stefnumótunarvinna farið fram í innanríkisráðuneytinu á þessu sviði sem eðlilegt er að endurspeglar í orkustefnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri